

Fimmtudagurinn 27. janúar 2000 kl. 10:00

136. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/2000

**Erindi um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 29/1999
vegna útboðs Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
á skólaakstri fyrir fötluð grunnskólabörn**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 10. nóvember sl. frá Erlendi Gíslasyni hrl. Erindið er fram komið vegna ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 29/1999 og varðar umbjóðendur hans.

Í erindinu segir: „Í tilefni af niðurstöðu samkeppnisráðs tel ég brýnt að koma eftirfarandi á framfæri:

1. Í ákvörðunarorðum ráðsins er látið við það sitja að staðfesta, að hið umdeilda útboð hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
2. 17. gr. laganna kveður á um heimildir ráðsins til íhlutunar með ýmsu móti.
3. Í kvörtun umbj. minna, dags. 29. október 1998, var þess sérstaklega krafist, að samkeppnisráð gripi til aðgerða gegn samkeppnisbrotum SSH á grundvelli heimildarinnar í 17. gr. til að fyrirbyggja hin skaðlegu áhrif háttseminnar.

Í ljósi framangreinds er þess krafist að samkeppnisráð taki afstöðu til umræddrar kröfu um íhlutun. Umbj. mínir telja augljóst, að grípa verði til aðgerða samkvæmt 17. gr. Að öðrum kosti er viðbúið að hið ólögmeta ástand og hin skaðlegu áhrif á samkeppni haldist óbreytt það sem eftir lifir samningstímanum, eða nk. fjögur ár. Að lágmarki verður samkeppnisráð að taka afstöðu til kröfunnar, og sé henni hafnað, þá verði rökstutt af hverju skilyrði 17. gr. teljist ekki uppfyllt að mati samkeppnisráðs“.

Þann 23. nóvember sl. óskaði Samkeppnisstofnun eftir staðfestingu lögmannsins á því hvort verið væri að krefjast endurupptöku málsins á grundvelli 24. gr. stjórnsýslulaga.

Með bréfi, dags. 29. nóvember sl., staðfesti lögmaðurinn að erindið bæri að skoða sem kröfu um endurupptöku málsins á grundvelli 24. gr. stjórnsýslulaga.

II.

Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs þann 27. janúar 2000, var mál þetta afgreitt. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Í máli þessu er óskað endurupptöku á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/1999 vegna útboðs Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á skólaakstri fyrir fötluð grunnskólabörn. Ákvörðunarorðið hljóðar svo:

„Útboð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á skólaakstri fyrir fötluð grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu í maí og júní 1998 hafði skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og var ekki í samræmi við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr. sömu laga“.

Niðurstaða samkeppnisráðs í þessu máli grundvallaðist á því að útboðsforsendur þær sem gengið hafi verið út frá í útboðsgögnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki verið raunhæfar. Einu tilboðsgjafarnir sem hafi getað gert sér grein fyrir raunverulegu umfangi þjónustunnar hafi verið þeir sem óska endurupptöku í máli þessu. Aðrir tilboðsgjafar hafi miðað tilboð sín við hina óraunhæfu útboðslýsingu. Með því að raska jafnvægi tilboðsgjafa með óraunhæfum útboðsgögnum og þar með útiloka keppendur frá markaðnum var það mat samkeppnisráðs að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni og þar með brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er mælt fyrir rétt aðila máls til að fá stjórnvaldsákvörðun tekna til meðferðar á ný ef:

- „1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða*
- 2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.“*

Samkeppnisráð telur ljóst að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar ákvörðun ráðsins nr. 29/1999 og höfðu þýðingu við niðurstöðu málsins, hafi hvorki verið rangar né ófullnægjandi eða að atvik hafi breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Samkeppnisráð telur því að ákvörðun ráðsins nr. 29/1999 hafi hvorki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né atvikum sem breyst hafi verulega frá því ákvörðunin var tekin. Málið verður því ekki tekið upp með vísan til 24. gr. stjórnarsýslulaga.

3.

Eins og fyrr greinir hafa kvartendur í máli nr. 29/1999 ekki rétt að lögum til að fá það mál endurupptekið. Hins vegar hafa stjórnvöld í vissum tilvikum heimild til þess að taka mál upp. Samkeppnisráð telur ekkert hafa komið fram í erindi kvartenda í þessu máli sem leiðir til þess að rétt sé að taka ákvörðun nr. 29/1999 til meðferðar á ný.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð hefur yfirfarið gögn málsins og kynnt sér þau rök sem lögð hafa verið fram til stuðnings beiðni um endurupptöku á ákvörðun nr. 29/1999.

Samkeppnisráð telur að ákvörðun ráðsins nr. 29/1999 hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafi hún byggst á atvikum sem hafi breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Ljóst er því að skilyrði 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um rétt til endurupptöku máls eru ekki uppfyllt og telur samkeppnisráð ekki ástæðu til endurupptöku eða afturköllunar ákvörðunarinnar.

Með vísan til framangreinds hafnar samkeppnisráð beiðni um að ákvörðun ráðsins nr. 29/1999 verði endurupptekin.“